Nr. 1070 5. desember 2017

# AUGLÝSING

**um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.**

*Dalvegur 32. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 26. september 2017 breytt deiliskipulag fyrir Dalveg 32. Í breytingunni felst að vestari hluti byggingarreits sem er ein hæð og kjallari er breytt á þann hátt að úr verða tveir byggingarreitir á einni hæð auk kjallara. Vestari byggingarreitur minnkar og verður 28 metrar en færist til suðurs nær Reykjanesbraut um 3,7 m. Hæð byggingarreita er óbreytt en lega í landi breytist. Einnig er gert ráð fyrir breyttri aðkomu að lóð sem verður einnig frá gatnamótum Hlíðarhjalla og Dalvegar (ljósagatnamót). Fyrirkomulag bílastæða breytist.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 5. desember 2017.*

**Birgir Hlynur Sigurðsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 6. desember 2017